



Fundargerð hreppsnefndar 15. október 2015

Fundur nr. 29 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. október 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur Árnason, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar dags. 24. september og 1. október 2015
Fundargerðirnar samhljóða samþykktar.

b. 377. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dag. 21. september 2015
Lagt fram til kynningar.

c. Aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 25. september 2015
Lagt fram til kynningar.

d. Stýrihóps framhaldsskóladeildar á Vopnafirði dags. 30. september 2015
Lagt fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Þorsteini Halldórssyni

Gerði sveitarstjóri nánar grein fyrir málinu og síðan var eftirfarandi bókun samhljóða samþykkt:
„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps harmar að málin þyrftu að fara á þennan veg. Engu að síður hafi ekki verið hægt að setja tónlistarkennslu í óvissu og því hafi annar umsækjandi verið ráðinn til að leysa úr brýnum vanda tónlistarskólans. Óskar sveitarstjórn Einari Braga velfarnaðar í framtíðinni“.

3. Almenn mál:

a. Opnunartími sundlaugar

Samþykkt samhljóða að opnunartími sundlaugar verði aukinn og hann verði svona:
Að vetri: Virka daga september t.o.m. maí kl. 09:00-12:00 og kl. 16:00-19:00. Lokað á mánudögum.
Um helgar kl. 12:00-16:00. Að sumri júní t.o.m. ágúst: Alla daga kl. 09:00-22:00. Tekur samþykkt opnun gildi 01. nóvember nk.

b. Deiliskipulag athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl

Lagði sveitarstjóri fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl á Vopnafirði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 46 ha að stærð og nær til urðunarsvæðis og skilgreindra athafnalóða. Á urðunarsvæðinu er gert ráð fyrir að urða allt að 1.000 tonn á ári og er framkvæmdin

umhverfismatsskyld skv. 12 tl. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Tillagan fellur einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerð með umhverfisskýrslu verða til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, Vopnafirði frá og með mánudeginum 31. ágúst til og með mánudeginum 12. október 2015. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps: www.vopnafjörður.is.

Athugasemdir komu frá:

1. Minjastofnun dags. 29. september 2015:

Gerð er athugasemd við að merkja þurfi inn á uppdrátt 6 garðlög og 3 tóttir sem minjavörður fann við skoðun svæðisins 23. september sl. Minjavörður hefur skilað uppmælingu minjanna ásamt hnitasetningu til skipulags- og byggingarfulltrúa, þannig að hægt sé að staðsetja þær nákvæmlega á skipulagsuppdrætti.

Svar:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir tillögu að deiliskipulagi fyrir Búðaröxl og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að bregðast við athugasemdum minjavarðar Austurlands. Tillagan verði síðan auglýst í B- deild stjórnartíðinda. Skipulagsáætlun þessi var auglýst að nýju þar sem niðurstaða sveitarstjórnar eftir fyrri auglýsingarferil var ekki auglýst í B-deild stjórnartíðinda innan tilskilins frests.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að svara erindinu.

c. Lög nr. 87/2015 um Verndarsvæði í byggð

Gerði sveitarstjóri nánari grein fyrir málinu og fundi er fulltrúar Vopnafjarðarhrepps sátu með fulltrúum Minjastofnunar í sl. viku. Lagði hann síðan fram eftirfarandi bókun:

Bókun sveitarstjórnar:

Í framhaldi af fundi fulltrúa úr sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps með forstöðumanni og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Minjastofnunar Íslands lýsir sveitarstjórn vilja sínum til þess að vinna með stofnuninni að verkefni í Vopnafjarðarhreppi sem byggir á lögum nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð. Þar sem um nýja nálgun er að ræða í mótun byggðar er það vilji sveitarstjórnar að koma að verkefninu sem nokkurs konar „reynslusveitafélag“ enda ný lög sem kalla á aðra nálgun í skipulagsmálum.

Samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:15.

[Eylgigögn fundar 151015.pdf](#)